

FUNDARGERÐ

235. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 26. júní 2024 í gegn um Teams

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Skarphéðinn Birgisson
Stefán Haukur Grímsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson
Þórey Agnarsdóttir

Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar
- Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð
- Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd
- Umgengni á athafnasvæði Skútabergrs á Moldhaugnahálsi
- Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Þingeyjarsveit
- Sandur úr sandföngum við olíuskiljur og annar olíumengaður jarðvegur
- Ársreikningur 2023
- Mengunarslys á vatnsverndarsvæði
- Umsagnir
- Útgefin starfsleyfi
- Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
- Staðfestar skráningar
- Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 235. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 24. apríl sl. Þá var m.a. samþykkt að halda áfram að beita dagsektum til að knýja á um bættu umgengni á lóðinni við Hamragerði 15 á Akureyri og samþykkt að veita Auto ehf. frest til að taka til lóð fyrirtækisins á Svalbarðsströnd.

2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð

Á 234. fundi Heilbrigðisnefndar var samþykkt að leggja dagsektir að upphæð 20.000 kr. á dag frá og með 26. febrúar sl. vegna umgengni á lóðinni. Reikningar vegna dagsekta hafa verið sendir út vikulega, í kjölfar skoðunar á lóðinni.

Við skoðun á lóðinni þann 18. júní sl. kom í ljós að nokkuð hafði áunnist varðandi tiltekt og hafði bílum innan lóðarmarka fækkað umtalsvert.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að fresta frekari álagningu dagsekta þar sem ástand lóðarinnar hefur lagast umtalsvert. Enn er þó nokkuð í land og er lóðarhafi hvattur til þess að ljúka tiltekt á lóðinni sem allra fyrst þannig að ekki þurfi að koma til frekari aðgerða af hálfu heilbrigðisnefndar. Jafnframt vekur nefndin athygli á því að óinnheimtar dagsektir sem lagðar eru á fram að efndadegi falla ekki niður þótt aðili efni viðkomandi kröfu.

3. Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd

Á 235. fundi heilbrigðisnefndar þann 24. apríl sl. var samþykkt að veita fyrirtækinu frest til 1. júní nk. til þess að taka til á lóð sinni og fjarlægja bíla og lausamuni sem blasa við frá þjóðvegi. Þá ítrekaði nefndin þau tilmæli að ökutæki í eigu og umsjón Auto ehf. yrðu geymd á til þess ætluðum svæðum á vegum fyrirtækisins.

Fyrirtækið hefur nú fengið lóð til tímabundinna afnota í bæjarlandi Akureyrarbæjar og þar hefur verið komið fyrir á þriðja tug bíla. Kominn er brotjárnsgámur frá Hringrás að Setbergi á Svalbarðsströnd sem verður notaður við upphreinsun á lóðinni.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita Auto ehf. viðbótarfrest til 1. ágúst nk. til þess að ljúka hreinsun á lóðinni að Setbergi og fjarlægja bíla og aðra lausamuni sem blasa við frá þjóðvegi. Verði ekki brugðist við fyrir þann tíma mun nefndin beita þvingunarúrræðum í samræmi við XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir í þeim tilgangi að knýja fram úrbætur.

4. Umgengni á athafnasvæði Skútabergs á Moldhaugnahálsi

Nokkuð hefur borið á kvörtunum vegna umgengni athafnasvæði Skútabergs á Moldhaugnahálsi. Með bréfi dagsettu 12. júní sl. var fyrirtækið hvatt til þess að taka rækilega til á svæðinu og koma hlutum sem ekki hafa varðveislugildi í viðeigandi förgun. Í svari Skútabergs kom fram að framkvæmdir við gerð geymslusvæðis geta hafist þegar hönnunargögn hafa verið samþykkt í skipulagsnefnd. Jafnframt kom fram að tekið verður til á svæðinu í sumar.

Að mati heilbrigðisnefndar þarf að bæta ásýnd svæðisins verulega. Þess vegna er mikilvægt að útbúið verði vandað, varanlegt geymslusvæði og að þeim hlutum sem ekki hafa varðveislugildi verði komið í viðeigandi förgun sem allra fyrst. Þá þarf að ganga úr skugga um að hlutir sem geymdir eru á svæðinu valdi ekki mengun í umhverfinu t.d. vegna fokhættu, olíu eða annarra spilliefna. Þá óskar nefndin eftir því að verða upplýst reglulega um það hvernig framkvæmdum við tiltekt á svæðinu og gerð varanlegs geymslusvæðis miðar.

5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Þingeyjarsveit

Lögð fram drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Þingeyjarsveit.

Heilbrigðisnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 2.mgr. 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. Sandur úr sandföngum við olúskiljur og annar olíumengaður jarðvegur

Sandur sem fjarlægður er úr sandföngum við olúskiljur flokkast sem spilliefni í skilningi reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs og er því ekki heimilt að farga honum á hefðbundnum móttökustöðum fyrir úrgang. Það sama gildir um olíumengaðan jarðveg.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og reglugerðum sem á þeim byggja ber sveitarstjórnnum að sjá til þess að tiltækur sé farvegur fyrir allan úrgang sem til fellur hjá einstaklingum og lögaðilum innan sveitarfélagsins.

Heilbrigðisnefnd skorar á sveitarfélögin á Norðurlandi eystra að þau sameinist um að tryggja réttan farveg fyrir olíumengaðan jarðveg og sand úr sandföngum sem til fellur á svæðinu.

7. Ársreikningur 2023

Drög að ársreikningi vegna ársins 2023 eru tilbúin og voru lögð fram til kynningar

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við drögin. Endurskoðaður ársreikningur verður sendur nefndarmönnum til undirritunar þegar hann liggur fyrir.

8. Mengunarslys á vatnsverndarsvæði

Rætt var um aðkomu HNE að mengunarslysi sem varð í Öxnadal þann 14. júní sl. þegar olía lak af rútu sem valt á vatnsverndarsvæði Norðurorku. Í kjölfar slyssins var neyðarstjórn Norðurorku virkjuð og unnið var samkvæmt viðbragðsætlun vatnsveitunnar.

Að mati heilbrigðisnefndar undirstrikar slysið mikilvægi góðra viðbragðsáætlana við mengunaróhöppum á vatnsverndarsvæðum og að þeim sé fylgt þegar slys á borð við þetta verða. Ljóst er, að mati nefndarinnar að með réttum viðbrögðum hafi tekist að koma í veg fyrir að olía bærist inn á brunnsvæði vatnsveitunnar. Nefndin þakkar skjót og góð viðbrögð, Norðurorku, starfsmanna HNE og annarra viðbragðsaðila sem að aðgerðum komu.

9. Umsagnir

1. Tillaga að breyttu aðalskipulagi Hörgársveitar vegna hringtorgs og lands Lónsár og Berghóls
2. Tillaga að breyttu deiliskipulagi Lónsbakka í Hörgársveit
3. Breyting á deiliskipulagi fiskeldis á Núpsmýri Öxarfirði, aukin sjótaka, borholur til hitunar á sjó og fiskimykjutankar vegna stækkunar í 3.500 tonn
4. Breyting á deiliskipulagi við golfvöllinn á Húsavík leyfi til byggingar 60 herbergja hótels.
5. Deiliskipulag þeistareykjavirkjunar bætt aðstaða ferðamanna framtíðar uppbygging og öryggismál.

10. Útgefin starfsleyfi

1. Turninn Akureyri ehf. kt. 530718-1820 Hafnarstræti 100b, 600 Akureyri, söluturn
2. Bjargvættir ehf. kt. 530622-1260, Gistiheimilið Sæluvík, Bjargi, 685 Bakkafjörður, lítill gististaður með veitingasölu
3. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Snægili 1, 603 Akureyri, sambýli
4. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Kjalarsíða 1b, 603 Akureyri, sambýli
5. Bræður & Co ehf. kt. 490123-1210, Vistvæna búðin, Brekkugata 3, 600 Akureyri, verslun með heimils-, snyrti-, þrifa- og matvörur
6. Í dag ehf. kt. 590423-1060, Hyrnuland 1, 601 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu
7. Vinkeldan ehf. kt. 611207-4920, Stóruvellir Bárðardal, 641 Húsavík, framleiðsla á drykkjarvörum. **Skilyrt leyfi til þriggja mánaða**
8. Ölföng ehf. kt. 500524-0810, Kaldbaksgötu, 600 Akureyri, heildverslun með drykkjarvörur
9. Gunnubúð ehf. kt. 640395-2499, Aðalbraut 35, 675 Raufarhöfn, matvöruverslun auk sölu pylsum og kaffiveitingum
10. Úr Héraði ehf. kt. 500822-1550. Laugar og Fosshóll í Þingeyjarsveit, Matsöluvagn. **Tímabundið leyfi**
11. Gisting ehf. kt. 520324-1510, Arnarnes 2, 604 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu

12. A.G Verk ehf. kt. 490718-0280, Aðalbraut 16, 675 Raufarhöfn, sala á gistingu án veitingasölu
13. Tiger Ísland ehf. kt. 561001-2780, Gleráreyrar 1, 600 Akureyri, verslun með innpökkuð matvæli o.fl.
14. Vogar, ferðapjónusta ehf. kt. 440692-2229. Vogum 660 Mývatn, matsöluvagn
15. Húðflúrstofa Norðurlands ehf. kt. 420523-2380, Gránufélagsgata 4, 600 Akureyri, húðflúrstofa
16. Gistiheimilið Lyngholt ehf. kt. 530606-1630, Langanesvegur 39, 680 Þórshöfn, sala á gistingu án veitingasölu
17. Gistiheimilið Lyngholt ehf. kt. 530606-1630, Langanesvegur 16, 680 Þórshöfn, veitingastaður og bar. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
18. Sölvastaðir ehf. kt. 591009-1090, Sölvastöðum, 605 Akureyri, gyltubú með 400 gyltum
19. Land og skógur kt. 671123-0850, Vöglum Fnjóskadal, 607 Akureyri, tjaldsvæði

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

11. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Detail shop ehf. kt. 450917-1410, Dalsbraut 1L-M, 600 Akureyri, dekkjaverkstæði og smurstöð

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalið starfsleyfi verði gefið út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillöguna gefi tilefni til annars.

12. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022

1. Eyverk ehf kt. 630623-0220, Staðarhóll, 606 Akureyri, niðurrif mannvirkja (asbest úr fjóslofti).
2. Hörgársveit kt. 510101-3830, flugeldasýning við hafnargarðinn á Hjalteyri 3. ágúst 2022
3. Ísfélag ehf. kt. 660169-1219, Eyrarvegur 3, 680 Þórshöfn, niðurrif mannvirkja
4. Norður Sjúkraþjálfun ehf. kt. 600324-1360, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, sjúkraþjálfun
5. Aníta Einarsdóttir kt. 280288-2849, Háilundur 11, 600 Akureyri, dýrasnyrtistofa
6. Katla ehf. byggingarfélag kt. 601285-0299, Melbrún 2, 621 Dalvík, starfsmannabústaður
7. Plastverksmiðjan ylur ehf. kt. 580516-0250, Þingvallastræti 36, 600 Akureyri
8. Skútaberg ehf. kt. 510108-0350, Naustatanga 1, 600 Akureyri, niðurrif mannvirkja (3 sementssíló)
9. HeiðGuðByggir ehf. kt. 610711-0570, Munkaþverárstræti 38, 600 Akureyri, niðurrif mannvirkja (asbest úr inniveggjum)
10. Skútaberg ehf. kt. 510108-0350, Sjafnarnes 2, 603 Akureyri, steypustöð
11. Sjúkraþjálfun Akureyrar ehf. kt. 610715-2490, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, sjúkraþjálfun

13. Önnur mál

Rætt um flutningagáma sem eru víða áberandi og oft í misjöfnu ástandi, sérstaklega á fyrirtækjalóðum. Samkvæmt byggingarreglugerð eru gámar háðir stöðuleyfi byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags nema þeir standi á svæðum sem skipulögð eru til geymslu slíkra lausfjármuna.

Framkvæmdastjóra falið að kanna hvernig staðið er að útgáfu stöðuleyfa fyrir gáma og aðra stöðuleyfisskylda lausafjármuni á starfssvæði nefndarinnar og hvaða kröfur eru gerðar varðandi útgáfu slíkra leyfa. Jafnframt að afla upplýsinga um það hvaða svæði eru sérstaklega skipulögð til geymslu slíkra hluta. Samþykkt að taka málið til umræðu á næsta fundi sem er áætlaður um miðjan september.

Fundi slitið kl. 14:02

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Skarphéðinn Birgisson